

III. Tillaga til 399. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 18. maí 2017

Tillaga 973. fundar bæjarráðs, 5. maí 2017, um að fella niður gatnagerðargjöld

22. Niðurfelling gatnagerðargjalda vegna byggingar íbúðarhúsnæðis 2017050003

Bæjarstjórn samþykkir að fella gatnagerðargjöld af byggingum íbúðarhúsnæðis af hálfu einstaklinga niður á lóðum við þegar tilbúna götur í sveitarfélaginu. Verði það gert á grundvelli sérstakrar lækkunarheimildar sem hægt er að veita skv. 6. gr. um gatnagerðargjöld nr. 153/2006. Ákvæðið tekur gildi eftir samþykkt þess í bæjarstjórn og varir til 31. desember 2017. Ákvæðið er ekki afturvirkir og miðað er við að framkvæmdir hefjist innan þessara tímamarka.

Á 398. fundi bæjarstjórnar sem haldinn var 4. maí sl. var samþykkt að vísa tillögu um að fella gatnagerðargjöld af byggingum íbúðarhúsnæðis til frekari útfærslu í bæjarráði og leggja fyrir að nýju í bæjarstjórn.

Bæjarráð leggur eftirfarandi tillögu fyrir bæjarstjórn:

„Bæjarstjórn samþykkir að fella niður gatnagerðargjöld af byggingu íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu á lóðum sem sérstaklega verða auglýstar í þessu skyni af Ísafjarðarbæ. Skipulags- og mannvirkjanefnd er hér með falið að taka til umfjöllunar hvaða lóðir skuli auglýstar. Ákvörðunin er tekin á grundvelli sérstakrar lækkunarheimildar sem hægt er að veita skv. 6. gr. laga um gatnagerðargjöld nr. 153/2006. Ákvæðið tekur gildi eftir samþykkt þess í bæjarstjórn og varir til 1. maí 2018 og er ekki afturvirkir. Miðað er við að framkvæmdir hefjist innan þessara tímamarka og ljúki fyrir 1. maí 2020. Sækja þarf sérstaklega um þessa niðurfellingu til Ísafjarðarbæjar. Niðurfellingin mun taka gildi við lokaúttekt og er gjaldfrestur veittur fram að henni. Ljúki framkvæmdum 1. maí 2020 fellur lækkunin niður.“